

Fundargerð
347. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 13. desember 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fjarverandi:

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Fyrirmyndastjórnandinn 2017
4. Orlofsmál
5. Desemberblað Sjúkraliðans
6. Ósk Vestmannaeyjadeildar um styrk
7. Vísindaferð starfsmanna á skrifstofu SLFÍ
8. EPN í Færeyjum í byrjun júní 2018
9. Kjaramál
 - Vinna við bókun 8 með kjarasamningi við ríkið
 - Bókun 7 hjá sveitarfélögunum
 - Öryggislistar fjármálaráðuneytið
10. Íbúðarfélagið Bjarg
11. Stjórnarfundur BSRB
12. Ráðstefna um öldrunarmál

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur
Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð alla velkomna og dreifði jólaglaðningi til stjórnarmanna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Fyrirmyndarstjórnandinn 2017

KÁG fór yfir að áhersla hafi verið á að finna þann stjórnanda sem skaraði fram úr að mati sjúkraliða í mannauðsstjórnun á allan máta. Fram kom að nokkrar ábendingar bárust til félagsins og voru þær vandlega yfirfarnar á síðasta fundi framkvæmdastjórnar og að vel íhuguðu máli voru allir sammála um að Fyrirmyndarstjórnandinn 2017 væri deildarstjóri á geðdeild SAK, en úr vöndu var að ráða þ.s. þetta árið voru margir góðir stjórnendur tilnefndir.

Stjórnandinn var verðlaunaður á samkomu fyrir norðan og verður kynntur í blaði félagsins Sjúkraliðanum, en aðrir nefndir sem voru tilnefndir. [Sjá myndir](#)

Farið var yfir hugmynd að skipulagi valsins fyrir næsta ár og drög að skjali skoðuð sem mögulega verður lagt fram til einkunnar- og álitsgjafar á komandi ári. [Sjá skjöl](#)

4. Orlofsmál

GÖG fór yfir það helst sem verið hefur í gangi varðandi orlofsmál félagsins. Fram kom að illa hafi gengið að klára að standsetja nýju orlofshúsin á Akureyri vegna mistaka í afgreiðslu starfsmanna IKEA. GÖG hefur verið í sambandi við verslunarstjóra IKEA og komið kvörtunum á framfæri og hafa þær verið móttæknar. Fundur var í stjórn Orlofssjóðs 12. desember þ.s. farið var yfir helstu atriði og framkvæmdir fyrir næsta ár. Ákveðið var á þeim fundi að Orlofssjóður SLFÍ taki þátt í eignaryfirfærslu á orlofshúsi „félagsins“ í Munaðarnesi frá BSRB yfir til SLFÍ, en undirbúningur að því hefur verið í gangi í nokkur ár innan ROM.

5. Desemberblað Sjúkraliðans

GÖG gerði grein fyrir að blaðið er klárt og farið í pökkun ásamt Vaktabókinni hjá Múlalundi og fari í dreifingu fljótlega.

6. Ósk Vestmannaeyjardeildar um styrk

KÁG fór yfir að stjórnendur Vestmannaeyjardeildar óskuðu eftir sértekum styrk vegna 40 ára afmælis deildarinnar í febrúar 2018. [Sjá fylgiskjal](#)
Ákveðið var að samþykkja styrkbeiðnina.

7. Vísindaferð starfsmanna á skrifstofu SLFÍ Kjaramál

Farið var yfir að starfsmenn á skrifstofu félagsins fari í vísindaferð til Englands/Brighton í mars á komandi ári, þ.s. vinnustaðir verða heimsóttir og m.a. stéttarfélag sjúkraliða á svæðinu. Kristín Wallis sem býr í Englandi og er vanur ferðaskipuleggjandi hefur verið í sambandi við aðila á skrifstofunni varðandi skipulag og umhald.

8. EPN í Færeyjum í byrjun júní 2018

Farið var yfir skipulag ferðarinnar og nöfn þeirra sem nú þegar hafa gert grein fyrir að þeir ætli að fara með og rætt um að ýta þurfi við hinum sem ekki hafa svarað.

9. Kjaramál

- Rætt var um stöðuna í samningaviðræðunum vegna bókunar 8 (aukið fjármagn í menntunarsjóði SLFÍ) og allir sammála um að KÁG fari á fund starfsmanns fjármálaráðuneytisins til að þoka umræðunni áfram og þá í rétta átt.

- Bókun 7 hjá sveitarfélögunum varðar skoðun/upptöku kaflans um fræðslumál hjá sjúkraliðum. Vinnan átti að hefjast í apríl 2016, en ekkert hefur gerst en sendur var póstur á fulltrúa samninganefndar SNS og óskað eftir fundi og hann verður í upphafi komandi árs.
- KÁG og GÖG eru þessa dagana m.a. að fara yfir og gera athugasemdir við ákveðna verkfalllista sem ekki eru fullnægjandi að álitum félagsins og þ.v. að funda með fulltrúum fjármálaráðuneytisins til að gera athugasemdir við ákveðna lista á stofnunum ríkisins.

10. Íbúðarfélagið Bjarg

KÁG fór yfir stöðuna varðandi íbúðarfélagið Bjarg og drög að úthlutunarreglum varðandi úthlutun og umsóknir. [Sjá fylgiskjöl](#)

Fram kom að ákveðin skipting er á milli bandalaga, 20% fá inni frá BSRB og 80% frá ASÍ félögum og rætt var um hverjir það eru sem geta sótt um íbúð hjá Bjargi. Hægt verður að sækja um flutning samkvæmt innri biðlista og ytri biðlista. Einnig var rætt um ákveðin flækjustig sem sjáanlega geta komið upp og hvernig eigi að bregðast við þeim.

11. Stjórnarfundur BSRB

KÁG fór yfir og gerði grein fyrir helstu málum sem rædd voru á síðasta stjórnarfundir BSRB. Skoðuð var niðurstaða ársins 2017 varðandi kynningu á bandalaginu og hún borin saman við áætlaða kynningu og áætlun fyrir árið 2018 er klár.

Önnur mál

- Vegna breytinga á persónuverndarlögum þarf félagið að endurskoða innritunarskjalið í félagið (SLFÍ) þ.s. ekki kemur fram á núverandi skjali hvaða þýðingu undirritunin hefur varðandi upplýsingar um einstaklinginn. Hugmynd er um að taka saman hvað það er sem fram þarf að koma á eyðublaðinu og óska eftir að Réttindanefnd/Dalla BSRB vinni málið og beri undir fulltrúa hjá persónuvernd.

Mál í áframhaldandi vinnslu

- Ráðstefna um öldrunarmál sem fer fram í apríl 2018. [Drög að dagskrá](#)

Fundi slitið kl. 17.15

